

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi KA-svæðis – Lundarskóla – Lundarsels.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 7. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi KA-svæðis – Lundarskóla – Lundarsels.

Breytingin tekur til íþrótta- og æfingasvæðis KA og felur í sér að bætt er við nýjum byggingarreit fyrir tengibyggingu, settir skilmálar fyrir byggingarreiti fyrir markatöflu, sjónvarpsupptökuhús og fjögur ljósamöstur fyrir flóðlýsingu, 27 m á hæð. Þá gerir tillagan ráð fyrir fjölgun bílastæða meðfram Þingvallastræti og tilfærslu núverandi innkeyrslu inn á svæðið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 23. maí 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 23. maí 2023